

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu  
b/t Rúnar Guðmundsson  
Dalbraut 12  
840 Laugarvatn

Reykjavík, 20. ágúst 2019  
UST201907-118/A.B.  
10.04.03

### **Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Einiholt 3 – Skógarholt - Bláskógarbyggð**

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa sveitarfélag er barst 20. júní sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að tillögu á deiliskipulagi Einiholt 3 í Bláskógarbyggð. Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin veitti umsögn verðandi lýsingu verkefnisins dags. 5. júlí sl.

Í greinargerð kemur fram að tillagan gerir ráð fyrir íbúðarhúsi og bílskúr allt að 250 m<sup>2</sup>, skemma/hesthús allt að 200 m<sup>2</sup>, allt að 150 m<sup>2</sup> skemmu, allt að 60 m<sup>2</sup> geymslu/gróðurhúsi og tvö gestahús sem geta hvort um sig verið allt að 65 m<sup>2</sup>.

Auk þess kemur fram að nokkurt birkikjarr er um stærstan hluta jarðarinnar. Í vistgerðarkortlagningu Náttúrufræðistofnunar Íslands er svæðið þar sem uppbygging er fyrirhuguð skilgreint sem mólendi og moslendi.

#### **Birki**

Umhverfisstofnun telur að birkiskógrunn falli undir b. lið 1. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. ([www.skogur.is](http://www.skogur.is))

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að það komi fram í greinargerð tillögunnar að birkiskógrunn falli undir 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Jörðin er að stórum hluta undir hverfisvernd vegna birkiskógar, en ákvæði hverfisverndar segja heimilt er að grisja náttúrulega birkiskóga og gera göngustíga um þá.

Skv. 3. mgr. 61. gr. laganna ber að forðast röskun á birki nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd kemur fram að með orðalaginu „brýn nauðsyn“ er lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

### Skilmálar tillögunnar

Umhverfisstofnun telur að grisjun á náttúrulegum birkiskógi hafi neikvæð umhverfisáhrif og því mikilvægt að unnin sé valkostagreining vegna staðsetningar vegslóða, byggingareita og göngustíga þar sem forðast er röskun á birki sbr. 3. mgr. ofangreindar laga.

Umhverfisstofnun tekur undir að settir eru skilmálar um að við framkvæmdir skuli forðast rask á birki, en sé það nauðsynlegt skuli birki gróðursett í staðinn.


### Göngustígar á uppdrætti

Umhverfisstofnun telur jákvætt að gert sé ráð fyrir göngustígum um skóglendið í tillögunni til þess að landeigendur geta notið svæðisins til útvistar. Í greinargerð kemur fram að heimilt er að grisja náttúrulega birkiskóga og gera göngustíga um þá, en í skilmálum segir að framkvæmdir skuli forðast rask á birki, en sé það nauðsynlegt skuli birki gróðursett í staðinn. Vegna þessa telur Umhverfisstofnun telur mikilvægt að fyrirhugaðir göngustígar séu sýndir á uppdrætti.



Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson  
sérfræðingur